



FADIR VOR

Ég leit eina lilju í holti,
hún lifði hjá steinum á mel,
svo blíð og svo björt og svo auðmjúk,
en blettinn sinn prýddi hún vel.
Ég veit það er úti um engin
mörg önnur sem glitrar og skín.
Ég þræti' ekki' um litinn né ljómann,
en liljan í holtinu' er mín.
:/:Þessi lilja' er mín lifandi trú:/:
Hún er ljós mitt og von mín og yndi.
Þessi lilja' er mín lifandi trú.

Og þó að í vindinum visni,
á völlum og engjum hvert blóm,
og haustvindar blási um heiðar,
með hörðum og deyðandi róm.
Og veturinn komi með kulda
og klaka og hríðar og snjó,
hún lifir í hug mér sú lilja,
og líf hennar veitir mér fró.
:/:Þessi lilja' er mín lifandi trú:/:
Hún er ljós mitt og von mín og yndi.
Þessi lilja' er mín lifandi trú.

Erlent lag – Ísl. þýðing Þorsteinn Gíslason



MOLDUN

Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjógvun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

BLESSUN

EFTIRSPIL

Prestur: Sr. Þráinn Haraldsson
Organisti: Arngerður María Árnadóttir
Einsöngur: Hlöðver Sigurðsson
Kór: Voces masculorum
Útfararþjónusta Akranes Kirkju
Ástvinir þakka vinsemd og hlýhug



Guðmundur Torfason

Fæddur 4. júlí 1935
Dáinn 29. mars 2021



Útför frá Akranes Kirkju
mánudaginn 19. apríl 2021

Tónlist fyrir athöfn

FORSPIL

BÆN

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphæðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörmur og sól,
hljómi samt harpan mín:
∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴
hærra til þín.

Adams - Matthías Jochumsson

RITNINGARORÐ



Mér finnst ég varla heill né hálfur maður
og heldur ósjálfbjarga, því er ver.
Ef værir þú hjá mér, vildi ég glaður
verða betri en ég er.

Eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja,
að sumarið, líður allt of fljótt.

Við gætum sungið, gengið um,
gleymt okkur hjá blómunum.
Er rökkvar ráðið stjörnumál.
Gengið saman hönd í hönd,
hæglát farið niður á strönd.
Funduð stað, sameinað beggja sál.

Horfið er nú sumarið og sólin,
í sálu minni hefur gríma völd.
Í æsku léttu ís og myrkur jólin,
nú einn ég sit um vetrarkvöld.

Eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja,
að sumarið, líður allt of fljótt.

Ég gái út um gluggann minn
hvort gangir þú um hliðið inn.
Mér alltaf sýnist ég sjái þig.
Ég rýni út um rifurnar
ég reyndar sé þig allstaðar,
þá napurt er, það nærir hér og nístir mig.

Jóhann Helgason - Vilhjálmur Vilhjálmsson

GUÐSPJALL

Það má svo sem vera
að vonin ein
hálf veikburða sofni í dá.
Finnst vera eitthvað
sem þyngir mér
en svo erfitt í fjarlægð að sjá.
Það gilda má einu
hvort ég áleiðis fer
eða staldra hér ögn við og bíð.
Þótt tómið og treginn
mig teymi út á veginn
ég veit að ég hef alla tíð...

Svo endalaus ótti
við allt sem er
og alls staðar óvin að sjá.
Veðrin svo válynd
og víðáttan grimmm,
ég vil fría mig skelfingu frá.
Í tíma og rúmi
töfraljóðin mín
og tilbrigðin hljóma svo blíð.
Líst ekki að ljúga
mig langar að trúa
að ég hafi alla tíð.

verið umvafin englum
sem að vaka hjá
meðan mannhjörtun hrærast
þá er huggun þar að fá.
Þó að vitskert sé veröld
þá um veginn geng ég bein
því ég er umvafin englum
aldrei ein, aldrei ein.

verið umvafin englum
sem að vaka hjá
meðan mannhjörtun hrærast
þá er huggun þar að fá.
Þó að vitskert sé veröld
þá um veginn geng ég bein
því ég er umvafin englum
aldrei ein, aldrei ein.

*Sarah McLachlan -
Valgeir Skagfjörð*

MINNINGARORÐ

*Minning
Bob Dylan - Ingibjörg Gunnarsdóttir*

BÆN

*Rósín
Friðrik Jónsson - Guðmundur Halldórsson*

